

Móttaka ferðamanna á gististöðum á tímum COVID-19

Viðbragðsáætlun vegna sýkinga o.fl.

24. júní 2020

Afar mikilvægt er að efla sýkingavarnir og viðhafa grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki, hvort sem það virðist veikt eða ekki. Þetta er ekki síst mikilvægt á fyrsta gististað ferðamanna eftir að þeir koma til landsins og áður en þeir hafa fengið niðurstöður úr sýnatöku.

Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

- Almenn handhreinsun, þ.e. handþvottur og/eða notkun handspritts. Tryggja þarf greiðan aðgang að aðstöðu fyrir slíkt.
- Halda tveggja metra fjarlægð eins og hægt er.
- Leyfilegt er að fara í bílferðir ef gestir eru á bílaleigubílum en óheimilt er að fara í hópferð fyrir en sýnataka liggur fyrir. Ferðamenn sem bíða eftir niðurstöðu sýnatöku verða að haga sér eins og þeir séu í sóttkví.
- Niðurstaða sýnatöku getur dregist í allt að 24 tíma.

Niðurstöður úr sýnatöku við komu til landsins:

- Ferðamenn fá niðurstöður úr sýnatöku í gegnum smáforritið Rakning, með smáskilaboðum eða símtali innan við sólarhring eftir komuna til landsins. (ATH skilaboð berast ekki í eldri síma)
- Ef niðurstaða úr sýnatöku hjá ferðamanni er jákvæð mun rakningarteymi og heilbrigðisstarfsfólk hafa samband við gististaðinn og gefa ráðleggingar fljótlega eftir að niðurstaða liggur fyrir.
- Ef eitthvað er óljóst má hafa samband við heilsugæslu á svæðinu eða Læknavakt í síma 1700.
- Ef ekki berast upplýsingar um niðurstöðu sýnatöku er hægt að senda fyrirspurn um niðurstöðu sýna á netfangið: testc19@landlaeknir.is og senda í leiðinni númer sýnis. Þá verður niðurstöðu flett upp og niðurstöður berast í tölvupósti.
- Íslenskir ferðamenn, sem fengið hafa COVID-19 geta framvísað vottorði.

Viðbragðsáætlun ef ferðamaður reynist sýktur:

Mikilvægt er að allir gististaðir séu undir það búnir að gestir geti verið smitaðir og séu með viðbragðsáætlanir til reiðu.

1. Fara eftir ráðleggingum heilbrigðisstarfsfólks vegna samskipta við hinn veika. [Sjá einnig Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna bls. 4](#)
2. Einangra viðkomandi ferðamann og tilnefna einn starfsmann til að veita honum nauðsynlega þjónustu.
3. Þrifa og sótthreinsa skal alla hugsanlega snertifleti þar sem viðkomandi ferðamaður og samferðamenn gætu hafa verið.
4. Eftir að ferðamaður er farinn á brott þarf að hreinsa svæðið sem hann hefur dvalið á með sérstökum hætti [sbr. Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna bls. 6](#)
5. Gott er að vera búin að gera ráð fyrir að mögulega þurfi að kalla út bakvarðasveit/aðstoðarfólk í stað þess starfsfólks sem hugsanlega þarf að fara í sóttkví.

Sjá enn fremur [Ferðavenjur breytast í kjölfar COVID-19](#) og [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna Covid-19](#)

Receiving guests during COVID-19 - Accommodation

Information and contingency plan

24. June 2020

It is highly important to take preventive measures to prevent infection and show caution around people whether they seem to be sick or not. This is especially important at the first destination/accommodation after travellers arrive in the country and before they have obtained test results.

This includes among other things:

- Washing of hands and use of sanitizer. Easy access to such facilities must be ensured.
- Respect the two meter distancing rule as much as possible.
- It is permitted to take a car ride if guests have a rental car but it is not allowed to go on a group trip until the test results are available and show that there is no infection. Travellers waiting for test results must behave as if they were quarantined.
- Test result can be delayed for up to 24 hours.

Test results on arrival in the country:

- Passengers will receive their test results through the app (Rakning C-19) or through text message within 24 hours. Passengers who test positive will receive a phone call notifying them. (Please note that older mobile phones might not receive the text message)
- If a traveller is tested positive the tracing team will shortly contact the accommodation provider and give advice on how to react.
- If questions arise please contact the nearest local health clinic or call 1700.
- If test results do not arrive within the time limit, it is possible to send inquiry by email to testc19@landlaeknir.is Make sure to include the test number. Results will then be delivered by email.
- Icelandic travellers who have earlier been diagnosed COVID-19 can present a medical certificate and do not need to be tested.

Contingency plan if a traveller is infected:

It is very important that all accommodation providers are prepared if a guest is tested positive and a contingency plan is essential.

1. Follow advise and instructions from health care professionals concerning interaction with an infected individual. See also [Guidelines to frontline service staff page four](#).
2. Isolate the infected traveller and appoint one employee who provides necessary service to the traveller.
3. Clean and disinfect all possible areas where a traveller and his group have been.
4. When the traveller has left the area where he has been staying must be thoroughly cleaned in s special way. See [Guidelines to frontline service staff page five](#).

See also Covid-19 - [Guidelines for restaurants and accommodation](#)